

## STARFSREGLUR

### samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir.

#### 1. gr.

Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir er fjármálaráðuneytinu til ráðuneytis um fjármálalega framkvæmd laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda.

Nefndin hefur það hlutverk að leiða saman sjónarmið eignaraðila opinberra framkvæmda á undirbúnings- og framkvæmdastigi og rannsaka frumathugun og áætlunargerð sem er undanfari verklegar framkvæmdar. Nefndin fylgist að öðru leyti með framkvæmd hinnar fjármálalegu hliðar opinberra framkvæmda.

#### 2. gr.

Í nefndinni eiga sæti þrír menn: formaður fjárlaganefndar Alþingis eða sérstaklega tilnefndur fulltrúi nefndarinnar, forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins og ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins, sem jafnframt er formaður nefndarinnar.

#### 3. gr.

Fjármálaráðuneytið sér nefndinni fyrir fundar- og skrifstofuaðstöðu og ber kostnað af starfi hennar. Ráðuneytið annast móttöku og varðveislu gagna fyrir nefndina. Jafnframt leggur ráðuneytið nefndinni til ritara sem undirbýr mál fyrir hana, aðstoðar við gagnaöflun hennar og ritar fundargerðir.

#### 4. gr.

Nefndin fundar svo oft sem þörf er á og mál liggja fyrir. Formaður nefndarinnar tekur ákvörðun um hvenær boðað er til fundar. Allir nefndarmenn taka þátt í afgreiðslu hvers máls og ræður afl atkvæða niðurstöðu nefndarinnar. Sitji tveir nefndarmenn fund telst álit þeirra fullnægjandi enda sé það samhljóða.

Álit nefndarinnar í hverju máli skal bókað í fundargerð ásamt stutturðri lýsingu mála- vaxta. Fundargerðir skulu afhentar fjármálaráðuneyti sem sér um varðveislu þeirra.

#### 5. gr.

Hlutaðeigandi ráðuneyti hafa rétt til að eiga fulltrúa á fundum þar sem fjallað er um mál sem eru innan verksviðs þeirra. Þegar nefndin fjallar um sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélags á fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga rétt á að sitja fundi hennar nema sveitarfélag óski sjálfst að tilnefna fulltrúa til fundarsetu.

#### 6. gr.

Í ráðgjöf sinni til fjármálaráðuneytis leggur nefndin mat á eftirfarandi:

1. Hvort frumathugun og áætlunargerð uppfylli þau skilyrði sem þeim eru sett.
2. Hvort fullnægjandi fjárheimildir séu fyrir hendi til að hefja verklega framkvæmd.

Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir getur leitað umsagnar Framkvæmdasýslu ríkisins um tæknileg atriði varðandi frumathugun eða áætlunargerð.

Nefndin upplýsir fjármálaráðuneyti að öðru leyti um framkvæmd hinnar fjármálalegu hliðar opinberra framkvæmda eftir því sem tilefni gefst til.

7. gr.

Starfsreglur þessar eru settar samkvæmt 18. gr. laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda og öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 21. september 2001.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

---

*Þórhallur Arason.*